

Nd.

**312. Frumvarp til laga**

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Á næstu fimm árum skal verja fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélar eru keyptar.

Á sama tímabili skal verja fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til greiðslu á helmingi kostnaðar við hagkvæmar vélageymslur, er vélanefnd telur ræktunarsamböndunum nauðsyn að koma upp.

Framlög úr framkvæmdasjóði til kaupa á verkfærum og vélageymslum samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar greinar skulu nema allt að 6 millj. kr.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn vélasjóðs ákveður árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða, gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanefnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanefnd ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanefnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparissjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikn-

ingsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagrein fyrir fyrningargjaldinu.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð, svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða her vegna jarðabóta á svæði hlutaðeigandi ræktunarsambands.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 114 1947 og 2.—3. gr. laga nr. 62 1950.

### Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, en honum var sent frv. af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Frv. er samið af millþinga-nefnd, er búnaðarþing kaus á síðastl. vetri, og eru lagabreytingar og greinargerð óbreytt frá því, er nefndin lagði til.

Landbúnaðarnefnd áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum eru frá 12. jan. 1945.

Í þeim fólst sú nýjung að verja fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til að styrkja ræktunar- og búnaðarsambönd til kaupa á stórvirkum vélum og tækjum til jarðræktar og húsabóta í sveitum landsins.

Þessum lögum hefur þrívægis verið breytt lítils háttar á Alþingi, en heildar-endurskoðun þeirra ekki farið fram fyrr en nú.

Strax eftir setningu laganna kom í ljós mikill áhugi víðs vegar um landið til þess að nofæra sér þá aðstoð, er lögin gera ráð fyrir. Voru þá stofnuð ræktunarsambönd í flestum héruðum landsins. Í samræmi við I. hluta laganna hafa 65 ræktunarsambönd fengið staðfestar ræktunarsamþykktir og styrk til vélakaupa, en fá sambönd hafa enn sem komið er notfært sér aðstoð samkvæmt II. hluta laganna, um húsagerðarsamþykktir.

Í 9. gr. laganna var í upphafi ákveðið að verja 3 millj. kr. úr framkvæmdasjóði ríkisins til greiðslu á helmingi kostnaðarverðs þeirra véla og tækja, er ræktunarsamböndum var heimilað að kaupa samkvæmt ákvörðun vélanefndar ríkisins. Þessi upphæð var síðar með lagabreytingu á Alþingi 1950 hækkuð í 6 millj. kr.

Við síðastl. áramót var húið að verja úr sjóðnum til vélakaupa 5.09 millj. kr. og húið að ákveða að verja til vélakaupa á þessu ári sem svaraði þeirri upphæð, er eftir var í sjóðnum.

Vélaeign ræktunarsambandanna samkvæmt skýrslu vélanefndar er nú þessi:

Beltadráttarvélar .....	30—40 ha	36 stk.
— .....	40—50 —	57 —
— .....	50 og yfir	20 —

Samtals 113 stk.

10 skurðgröfur og auk þess nokkrar hjóladráttarvélar.

Með þessum vélum hefur verið keypt mikið af plógum, herfum, flutningavögnum og fleiri tækjum.

Af þessum beltadráttarvélum eru 97 keyptar fyrir gengisbreytinguna 1950 og flestar skurðgröfurnar.

Verð beltadráttarvéla hefur hækkað um 35% síðan 1949, og árlega hækka þær í verði á erlendum markaði.

Samkvæmt áætlun, sem gerð var síðastl. vor að tilhlutan landbúnaðarráðherra um vélabörf ræktunarsambandanna, er talin þörf á að kaupa 28 beltavélar með tækjum á næstu 2—3 árum til viðbótar því, sem komið er. Verð þeirra er áætlað 7—8 millj. kr.

Enn eru 20 hreppar viðs vegar um landið utan við starfandi ræktunarsambönd og a. m. k. 8 kaupstaðir, og gera verður ráð fyrir, að þessi héruð þurfi á vélakosti að halda á næstu árum.

Af þessu virðist augljóst, að þörf er á auknum framlögum til vélakaupa.

Í 10. gr. laganna er ákveðið, að stjórn hvers ræktunarsambands skuli taka það gjald fyrir vinnu vélanna, að það nægi fyrir rekstrarkostnaðinum, þar með talinn eðlilegur viðhalds- og fyrningarkostnaður, sem vélanefnd hefur ákveðið 30% árlega af kostnaðarverði véla og tækja. Fyrningarsjóði skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands eða sparisjóðum viðkomandi héraða, þó er samböndunum heimilað með lagabreytingu frá 1950 að hafa helming þeirra í eigin vörzlu gegn sýslu-ábyrgð. Var sú breyting gerð vegna þess, að reynslan sýndi, að samböndunum var rík þörf á að fá rekstrarfé til starfrækslu sinnar. Má fullyrða, að rekstrarfjárskortur þeirra sé einn höfuðannmarki við framkvæmd laga þessara.

Í nokkrum samböndum hefur reynslan orðið sú, að sambandsstjórnir hafa ekki tekið nógu hátt gjald fyrir vinnu vélanna til þess að fullnægja ákvæðum laganna um fyrningu þeirra.

Samkvæmt skýrslu vélanefndar voru bókfærðir fyrningarsjóðir ræktunarsambandanna við síðastl. áramót kr. 6 628 695.00. Af þeirri upphæð var verulegur hluti í vörzlu þeirra sjálfra.

Þá var heildarfjárhæð vélakostsins kr. 10 050 419.00, og eru fyrningarsjóðirnir því ekki nema 66% af kaupverði vélanna.

Nú er sýnt, að allmargar af vélum — eða 85.84% — eru orðnar 4 ára eða eldri, en meðalending er talin 6—7 ár. Þar af eru 10 vélar af einni og sömu gerð, sem hafa reynzt svo illa, að þær hafa allar verið lagðar niður, tiltölulega lítið notaðar. Er það viðkomandi samböndum mikið tjón. Verður því þörf allmikillar endurnýjunar alveg á næstu árum. En sökum verðhækkunarinnar duga ekki fyrningarsjóðirnir til að endurnýja nema 20—25% af vélakostinum.

Af þessu öllu virðist augljóst, að halda þarf áfram enn um skeið að styrkja ræktunarsamböndin — bæði þau, sem starfað hafa, og eins þau, sem stofnuð kunna að verða — til að kaupa nýjar vélar. Við þetta bætist svo það, að alltaf eru að koma ný tæki — fullkomnari og stærri vélar — sem eru dýrari af þeim sökum.

Til þess að vélakostur sambandanna endist sem bezt, þarf hann að vera vel hirtur og geymdur í góðu húsnæði. Samböndin hafa átt við fjárskort að búa til þessara hluta, og virðist því eðlilegt, að hluttaka framkvæmdasjóðs verði sú sama við að byggja yfir vélarnar eins og til kaupa á þeim.

Að þessu öllu athuguðu leggur nefndin til:

1. Að úr framkvæmdasjóði verði varið 6 millj. kr. til að styrkja vélakaup ræktunarsambandanna og búnaðarsambandanna næstu fimm árin.
2. Að vélageymslur njóti sömu hlunninda og vélakaupin.
3. Að vélanefnd fái rétt til að ákveða gjald fyrir vinnu vélanna til að tryggja, að samræmi verði á því sviði, og sporna við því, að einstök sambönd selji vinnuna of lágu verði.
4. Að vélanefnd fái jafnframt heimild til að miða fyrningargjald að einhverju leyti við árlegan notkunartíma vélanna.

Reynslan hefur sýnt, að ýmis sambönd, einkum þau minnstu, hafa tæpast fullt verkefni fyrir vélar sínar og hafa því ekki getað afskrifað þær svo sem gert er ráð fyrir. Ætla má, að þær geti þá enzt lengur og því sé ástæða til að lækka árlegt fyrningargjald af þeim.

Þessir fjórir liðir eru þær höfuðbreytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði við lögin.

Það verður tæpast um það deilt, að þessi lög hafa átt verulegan þátt í að hleypa af stað mikilli framfaraöldu, einkum í ræktunarmálum sveitanna. Ræktunarsamböndin hafa tekið að sér stórfelld verkefni á sviði ræktunarmálanna og valdið straumhvörfum í því efni. En sökum mikilla verðhækkana og annarra ófyrirsjáanlegra orsaka eiga þau mörg í vök að verjast fjárhagslega.

Það er því brýn nauðsyn að tryggja rekstur þeirra til hags fyrir byggðir landsins. Við teljum þær leiðir, sem hér er bent á, líklegastar þeim til hjálpar.